



Reykjavík, 21. maí 2015

Niðurstaða athugunar á viðskiptaháttum Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Fjármálaeftirlitinu barst ábending um viðskiptahætti Tryggingamiðstöðvarinnar hf. varðandi upplýsingagjöf til váttryggingartaka við endurnýjun váttrygginga skv. 11. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Ábendingin laut að því að í bréfi sem félagið sendi váttryggingartökum vegna endurnýjunar váttrygginga væri einhliða áskilið að framvegis yrðu upplýsingar sendar með rafrænum hætti, óháð samþykki váttryggingartaka fyrir slíkum samskiptamáta.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir upplýsingum og sjónarmiðum Tryggingamiðstöðvarinnar hf. vegna málsins. Í skýringum félagsins kom m.a. fram að félagið hefði ekki ákveðið einhliða að samskipti yrðu rafræn heldur hefðu váttryggingartakar verið upplýstir í bréfinu um hvar nálgast mætti nánari upplýsingar um endurnýjun váttrygginga. Þá kom fram að þeir váttryggingartakar sem fengu bréfið og settu sig ekki í samband við félagið til þess að samþykkja rafrænan samskiptamáta myndu fá sendar upplýsingar á pappír þegar að næstu endurnýjun kæmi.

Að teknu tilliti til skýringa við 11. gr. í frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga, þar sem m.a. kemur fram að nægjanlegt sé í upplýsingagjöf að vísa til þess hvar nálgast megi nánari upplýsingar um endurnýjun, gerði Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við upplýsingagjöfina sem slíka.

Hins vegar benti Fjármálaeftirlitið á að orðalag bréfsins mætti skilja á þá leið að samskipti yrðu framvegis með rafrænum hætti, óháð samþykki váttryggingartaka fyrir slíkum samskiptum. Með hliðsjón af því að félagið hygðist breyta orðalagi bréfsins, og sambærilegra bréfa, taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til þess að krefjast úrbóta.